

Sp.

50. Tillaga til þingsályktunar

[49. mál]

um endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar semja frumvarp til nýrra laga um byggingarsamvinnufélög. Skal hraða samningu þess sem mest og leggja það síðan fram á næsta þingi.

Greinargerð.

Núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög eru nú tæpra 20 ára, voru sett í febrúar 1952. Síðan hefur engin breyting verið á þeim gerð, og er það þó löngu tímabært. Margsinnis hefur verið stefnt að slíku, bæði af hálfu nefnda, er settar hafa verið í það verkefni af hálfu félagsmálaráðuneytisins, og einnig með tillögu-flutningi á Alþingi. Þá hafa einnig verið flutt á Alþingi frumvörp til nýrra laga um byggingarsamvinnufélög, en allt hefur komið fyrir ekki. Enn situr við hið sama í þessum efnunum.

Enginn vafi er á því, að byggingarsamvinnufélög eiga merku hlutverki að gegna í húsnæðismálum landsmanna, ef allt væri með felldu. En margir og miklir vankantar eru á núgildandi lögum um starfsemi þeirra, og sennilega er það skýringin á því, hve starfsemi þeirra er lítil um þessar mundir. Eftir því sem flutningsmenn bezt vita, er aðeins eitt byggingarsamvinnufélag með íbúðir í byggingu um þessar mundir. Nokkur, en þó örfá, félög eru þó starfandi, en standa ekki að byggingarframkvæmdum eins og er. Hin virðast hafa lagt upp laupana.

Á síðasta ári fór fram viðamikil endurskoðun á gildandi lögum um flesta aðra þætti húsnæðismálanna en þann, sem hér er til umræðu. Var þá verkamanna-bústaðakerfinu fenginn nýr stakkur, meðal annars, og eru nú að hefjast framkvæmdir á vegum þess. Það er skoðun flutningsmanna, að jafnmikil þörf sé á því að búa byggingarsamvinnufélagunum nýjan grundvöll til að starfa á. Í nálægum löndum, þar sem félagshyggjan er ríkust, gegna byggingarsamvinnufélög víða stórmerku hlutverki. Þannig ætti það einnig að vera hér á landi. En til þess þarf góðan lagalegan grundvöll, og því er þessi þingsályktunartillaga flutt um samningu nýrra laga um starfsemi þessara félaga.